

Námsval í 9. og 10. bekk 2010-2011

Til nemenda í 8. og 9. bekk, og foreldra/forráðamanna þeirra.

Þegar nemandi sest í 9. / 10. bekk Valhúsaskóla verða talsverðar breytingar á tilhögun náms frá því sem verið hefur. Það sem einkennir námið í þessum bekkjum er aukið námsval sem gerir nemendum kleift að velja sér námsgreinar við hæfi eftir áhuga, hæfi og í samræmi við framtíðarmarkmið.

Frá og með hausti 2009 verða ekki samræmd lokapróf í 10. bekk. Samræmd könnunarpróf í 10. bekk verða haldin að hausti. Allir nemendur í 10. bekk taka þessi próf. Prófað verður í íslensku, stærðfræði og ensku. Við lok 10. bekkjar eru það svo skólaeinkunnir nemenda sem segja til um árangur á grunnskólaprófi.

Þeir sem hafa áhuga á bóknámi geta farið á náttúrufræði-, mála- eða félagsfræðabraut í framhaldsskólunum. Einnig eru í boði fjöldi starfsnámsbrauta sem gefa réttindi til starfa í ýmsum starfsgreinum. Það er því æskilegt að nemendur velti því fyrir sér hvað tekur við að loknum grunnskóla svo að þeir geti nýtt sér þá kosti sem bjóðast.

Valgreinar í 9. og 10. bekk eru ýmist verklegar eða bóklegar og vonandi finna flestir nemendur eitthvað við sitt hæfi. Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið nám við t.d. tónlistarskóla, myndlistarskóla eða ballettskóla metið sem 2 kest./v. Einnig er rétt að benda á að ákveðið samval námsgreina ætti að auðvelda það framhaldsnám sem því er skyldast. Athugið að heildarstundafjöldi á að vera 37 kest./v og þar sem kennslustundir í kjarna eru 31 þá velja nemendur sjálfir 6 kennslustundir á viku.

Það skal tekið fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við ytrustu óskum nemenda varðandi val sitt og mun þá næsti kostur tekinn í staðinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar, ef umsækjendur reynast of fáir eða kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

Þá skal tekið fram að val nemenda er bindandi vfiirlýsing nemanda um að standast þær kröfur sem gerðar eru í hverri grein fyrir sig.

Það er mjög mikilvægt að nemendur vandi valið og íhugið gaumgæfilega hvaða valgreinar henta þeim best.

**Með kveðju,
skólastjórnendur**

Bókfærsla fjarnám 9. og 10. bekkur - val

Boðið verður upp á bókfærslu í fjarnámi. Þó svo að um fjarnám sé að ræða geta nemendur leitað til kennara eftir þörfum auk þess sem líklegt er að kennari kalli hópinn saman u.þ.b. tvisvar á önn, eða eftir þörfum.

Námslýsing: Verkefni verða færð í *dagbók* og *höfuðbók* þar sem eftirfarandi reikningar eru notaðir: sjóðsreikningur, vörukaupa- og vörusölureikningur, skuldunautareikningur, lánardrottareikningur, víxilskuldareikningur, víxileignareikningur, höfuðstólsreikningur, kostnaðarreikningur, bankareikningur, áhaldareikningur o.fl. Farið verður í *lokun reikninga* með athugasemdum og uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings. Kennð verður auk þess meðhöndlun á inn- og útskatti, fob- og cif-skilmálum.

Kennslugögn: Stuðst verður við "*Kennslu- og verkefnabók í bókhaldi*" eftir Sigurjón Gunnarsson og heimatilbúið námsefni.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Danska fyrir lengra komna 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Markmið áfangans er að kynnst Danmörku í gengum danska jafnaldrá, kvikmyndir og tónlist og bera saman menningu og hefðir Íslands og Danmerkur auk þess að auka áhuga á dönsku og danskri menningu.

Áhersla verður lögð á að nemendur þjálfist í tali, ritun, hlustun og lestri. Menning Danmerkur verður kynnt fyrir nemendum í gegnum mismunandi miðla og áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Aðaláherslan verður á heilbrigði og hollustu séð með augum íslenskra og danskra nemenda.

Sýndar verða valdar danskar kvikmyndir, bæði gamlar og nýjar og verkefni unnin fyrir og eftir sýningu. Hlustað verður á nýja og gamla danska tónlist.

Verkefni verða unnin í tengslum við hefðir og siði í Danmörku sem eru ólík okkar, t.d. Sankt Hans aften, Fastelavn, Mortensaften og fl.

Hver nemandi fær danskan pennavin og er það liður í að kynna sér danska menningu og bera saman íslenska og danska siði og hefðir. Notast verður við e-twinning til að halda utan um samskiptin. Stefnt verður á að fara til Danmerkur ef nægur styrkur fæst, en sótt verður um styrk til Nordplus Junior.

Áfanginn er próflaus en mæting og öll verkefni verða metin til einkunna.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Enska fyrir lengra komna 9. og 10. - bekkur – val

Námslýsing: Námsmarkmið eru þrjúþætt; að styrkja enskukunnáttu, að vinna í samskiptum við aðra nemendur í gegnum tölvur og að kynna eigið land og þjóð fyrir erlendum jafnöldum. Námið byggir á einstaklingsvinnu jafnt sem hópvinnu.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Félagsmálafræði 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Markmiðið með kennslu í félagsmálafræði er m.a. að efla félagslegan þroska nemenda, styrkja þá á félagslegum vettvangi og þar með að styrkja sjálfsmynd og viðhorf þeirra til sín og annarra. Félagsmál eru mikilvægur þáttur í mótun unglunga og heilbrigð félagsleg virkni hefur einungis jákvæð áhrif á líf unglunga.

Í félagsmálafræðitímum verður farið yfir þætti er tengjast ýmiss konar félagsmálum. Kennð verður m.a. framsögn, framkoma og tjáning, fundarsköp og skipulagning á viðburðum og upptökum. Nemendur í valáfanganum koma til með að starfa sem nemendaráð skólans og fer kennslan mikið fram í verklegum þáttum þess að skipuleggja félagslíf unglunga skólans og félagsmiðstöðvarinnar, undirbúa viðburði og koma þeim í framkvæmd. Lögð er áhersla á að nemendur geti þroskað sig sem einstaklinga en einnig að þeir læri samvinnu og beri virðingu fyrir öðrum. Einnig verður farið í þætti eins og ábyrgð, siðferði og gagnrýna hugsun.

Nemendur þurfa að skila sérstakri greinargerð um hvers vegna þeir vilja vera í faginu og verða síðan valdir sérstaklega inn í áfangann af fulltrúum skólans og félagsmiðstöðvarinnar.

Valgreinin verður kennð af starfsmanni félagsmiðstöðvarinnar.

Námsmat: Námsgreinin er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, úrvinnslu verkefna, mætingu í félagsmiðstöðina og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Franska 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Nálægt 170 milljónir íbúa heims tala frönsku. Frönskumælandi lönd verða lítillga kynnt og nemendur fá innsýn í valda þætti franskrar menningar. Kennnd verða undirstöðuatriði í málfræði, nemendur þjálfaðir í framburði og hlustun og að bjarga sér á frönsku við einfaldar aðstæður.

Skilyrði: Nemendur sem velja frönsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

Kennslustundafjöldi: 3 kest/v

Heimilisfræði 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Farið verður í helstu matreiðslu- og bakstursaðferðir, næringu og hollustu, hreinlæti, neytenda- og umhverfisfræði

Námsmat: Námsmatið byggist á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Heimanám 9. og 10. bekkur - val

Það er misjafnt hversu íþyngjandi heimanám reynist nemendum. Þessari valgrein er ætlað að draga úr álagi vegna heimanám hjá þeim nemendum sem þess þurfa. Ekki er um að ræða að nemendur mæti aðeins í þessa tíma á álagstímum heldur nýta þeir þessa tíma til að vinna sér í haginn, lesa betur og æfa sig betur í því sem þeim reynist erfiðast í náminu þegar færi gefst.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Íþróttir og heilsa

Í þessari valgrein er lögð áhersla á að nemendur:

- fái innsýn í þjálfun,
- sjái hvaða áhrif þjálfun og rétt næring hefur á líkamann,
- þekki þjálfunaraðferðir o.fl.

Fjallað verður m.a. um upphitun, þol, kraft, meiðsl, líkamsbeitingu, streitu, slökun, næringu og mataræði, megrun og skyndihjálp.

Kennslustundafjöldi: 1 kest/v

Lestur 9. og 10. bekkur – val

Námslýsing: Lestur sem valgrein fyrir 9. og 10. bekk er nýjung við skólann. Markmiðið er að styrkja nemendur í lestri og auka almennan áhuga þeirra á lestri sér til skemmtunar. Einnig er ætlast til að nemendur miðli upplifun sinni til annarra þátttakenda, m.a. með því að gefa bókunum stig fyrir ákveðin atriði. Auk þess verða haldin námskeið í lestrartækni, bæði til þess að auka lesraða og lesskilning.

Námsmat: Áfanginn er próflaus, en öll verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka og virkni.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Myndmennt 9. bekkur - val

Unnið verður með lita- og formfræði, modelteikningu, uppstillingu (rými), hlutateikningu (skyggingu), fjarvídd, klippimyndir og fl. Einnig verður unnið með leir og málun með mismunandi litategundum t.d. þekju-, vatns- og akryllitum á fjölbreyttan efnivið. Nemendur fá töluvert frjálsar hendur í verkefnavali. Kennnd er notkun skissubókar. Veitt er innsýn í helstu stefnur listsögunnar í Evrópu sl. 1000 ár. Farið er í safnaheimsóknir.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Myndmennt 10. bekkur - val

Unnið er m.a. með módelteikningu, uppstillingu, hlutateikningu, lita- og formfræði. Áhersla er lögð á ferilvinnu (skissugerð, hugmyndavinnu, þróun verkefnis og tengsl við listasögu) Einnig er unnið með olfuliti á striga, leir og glerunga. Áhersla er lögð á að kynna nútímalist. Unnin eru einstaklingsverkefni og farið í safnaheimsóknir.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Náttúrufræði 9. bekkur – val

Námslýsing: Í náttúrufræðivali gefst nemendum kostur á að auka skilning sinn á viðfangsefnum í líffræði, eðlisfræði og efnafræði í tengslum við kjarnanámsefni 9. bekkjar. Áhersla verður lögð á tilraunir, verklegar æfingar, útikennslu, vettvangsferðir, umræður og skýrslugerð.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Námsmat: Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka, virkni og skýrslugerð.

Náttúrufræði 10. bekkur - val

Námslýsing: Í náttúrufræðivali gefst nemendum kostur á að auka skilning sinn á viðfangsefnum í líffræði, eðlisfræði og efnafræði í tengslum við kjarnanámsefni 10. bekkjar. Áhersla verður lögð á tilraunir, verklegar æfingar, útikennslu, vettvangsferðir, umræður og skýrslugerð.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/ v

Námsmat: Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka, virkni og skýrslugerð.

Samfélagsfræði 9. bekkur – val

Reynt er að tengja framrás sögunnar á Íslandi atburðum og hugmyndastraumum erlendis. Lögð er megináhersla á atburði frá lokum fyrri heimsstyrjaldar til dagsins í dag þó öldin öll sé undir. Skoðuð verða samskipti þjóða og átök, tækniframfarir, trúmál, mannréttindi og ýmsar stofnanir sem hafa sett svip sinn á síðustu öld. Einnig verða ýmis hugtök landafræðinnar rifjuð upp.

Námslýsing:

Lesið verður námsefni frá Skólavefnum auk hluta bókarinnar *Heimshorna á milli-þróunarlönd*. Nemendur fá þjálfun í að finna heimildir bæði á skólasafni og á netinu og flytja fyrirlestra um afmörkuð efni. Nemendur skila vinnubók.

Námsmat: Próf 50%, vinnubók, verkefni og frammistaða í tímum 50%.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Samfélagsfræði 10. bekkur - val

Fyrir jól verður kennd bókinn *Stríðsárin á Íslandi 1939-1945* eftir Jenný Björk Olsen og Unni Hrefnu Jóhannsdóttur. Meginmarkmiðið er að gefa nemendum sem skýrasta mynd af stríðsárunum á Íslandi, hernámi Breta og Bandaríkjamanna, áhrifum þess og afleiðingum á íslenskt samfélag. Skoðuð verða atvinnumál, stjórnsmál, efnahagsmál og samskipti Íslendinga við hermenn. Auk þess verður reynt að varpa ljósi á mannfall Íslendinga á styrjaldarárunum og ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihlutahópum.

Eftir jól verður kennd landafræði. Nemendur kynnast helstu atriðum umræðunnar um þróunarlönd og samskiptum þeirra við iðnríki og greina þar samhengi. Fjallað verður um hugtök eins og fólksfjöldi, fólksflutningar, atvinna, lífskjör, heilsufar og menntun. Nemendur fá þjálfun í notkun korta og öflun heimilda við gerð ýmissa verkefna.

Námslýsing:

Nemendur lesa bókina *Heimshorna á milli – þróunarlönd*. Nemendur gera ýmis verkefni og halda vinnubók.

Námsmat: Próf 50%. Vinnubók, verkefni og ritgerð 50%.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Saumar/textíll 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum o.fl. Nemendur hafa að mestu leyti frjálssar hendur með verkefnaval, en það verður þó að miðast við getu hvers og eins. Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og prjón. Unnið er að endurvinnslu fatnaðar og breytingum. Stefnt er að a.m.k. einni vettvangsferð á sýningu/safn.

Kennsluaðferðir: Hóþinnlagnir, sýnikennsla. Nemendur eru þjálfaðir í gerð einfaldra sniða og verklýsinga. Lögð er áhersla á notkun skissubókar og þróun hugmynda. **Námsgögn:** Saumahandbókin, ýmsar handbækur og sníðablöð ásamt verkefnum og verklýsingum eftir kennara.

Námsmat: Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni,

frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Silfursmíði (skartgripasmíði) 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Unnið er með málma við gerð ýmissa muna s.s. skartgripa o.fl. Lögð er áhersla á að nemendur hanni sjálfir smíðagripa sína og læri að þekkja ýmsa málma og eiginleika þeirra.

Verkefnavinna og skil: Nemendur skila fullunnum hlutum í lok áfangans.

Námsmat: Við mat og einkunnagjöf er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum, vinnusemi, framförum, frumkvæði nemandans og endanlegu verki.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Smíði 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Unnið verður með þrívíddar- og fjarvídarteikningu, hlutateikningu, liti og málun. Lögð er áhersla á notkun skissubókar og þróun hugmynda.

Lögð er áhersla á notkun fjölbreytts efniviðar s.s. ýmiss konar timburs, málma o.fl.

Kennd er meðferð og notkun verkfæra og nemendum bent á hættur sem ber að varast.

Reynt er að gefa hverjum nemanda sem frjáltsastan farveg í verkefnavali. Farið er í heimsóknir á söfn.

Verkefnavinna og skil: Nemendur skila fullunnum hlut eða mynd í lok hvers verkefnis.

Námsmat: Við mat á vinnu nemenda er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum og vinnusemi, framförum, frumkvæði og endanlegu verki.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Spænska 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Kennd verða undirstöðuatriði spænskrar tungu auk þess sem nemendur verða kynntir fyrir menningu spænskumælandi þjóða. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfa nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun og æfa framburð. Reynt verður að fara fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda.

Skilyrði: Nemendur sem velja spænsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

Kennslustundafjöldi: 3 kest/v

SPÆ 103 10. bekkur - val

Námslýsing: Fylgt verður námskrá Fjölbrautarskólans í Ármúla. Lögð er megináhersla á undirstöðuatriði spænskrar tungu en einnig fá nemendur innsýn í valda þætti í menningarlífi íbúa Spánar og Rómönsku Ameríku. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfa nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun og æfa framburð. Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Á vorönn er tekið próf á vegum Fjölbrautarskólans í Ármúla.

Skilyrði: Nemendur þurfa að hafa lokið grunnáfangi í spænsku.

Kennslustundafjöldi: 3 kest/v

Skólakór Valhúsaskóla 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Haustið 2008 var stofnaður skólakór fyrir nemendur við Grunnskóla Seltjarnarness. Frá haustinu 2009 er ætlunin að fá elstu nemendur skólans til liðs við kórinn. Nemendum í 9. og 10. bekk, sem verða með í kórnum, verður boðið upp á að láta þátttöku sína telja sem tvær vikustundir í vali.

Námsmat: Áfanginn er próflaus en við námsmat verður litið til þátttöku og virkni.

Stærðfræði 103

Námslýsing: Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Fylgt verður námskrá Fjölbrautarskólans í Ármúla. Lögð er megináhersla á að nemendur nái öllum meginmarkmiðum áfangans en fái jafnframt tækifæri til að spreyta sig á verkefnum sem dýpka skilning og þjálfa rökhugsun. Í lok vorannar er tekið próf á vegum Fjölbrautarskólans í Ármúla. Helstu námsþættir eru: Undirstöðuatriði algebru, lausnir jafna, óuppsettar jöfnur, lausnir verkefna og þrauta, reikniformúlur, talnahlutföll, skiptireikningur, prósentur, vextir, frumsendur og óskilgreind hugtök, beinar og óbeinar sannanir, saga evklíðskrar rúmfræði, frumhugtök rúmfræðinnar, línur og horn í þríhyrningi og hornasumma þríhyrnings, einshyrndir þríhyrningar, pýþagórasarregla, hornaföll í réttthyrdum þríhyrningi, flatarmál og rúmmál,

umritaður og innritaður hringur þríhyrnings, réttthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti, jafna beinnar línu og saga hnitakerfisins.

Kennslugögn: Stuðst er við kennslubókina Stærðfræði 103 eftir Jón Þorvarðarson, Reykjavík 2007. Lesnir verða kaflar 2 - 12.

Skilyrði: Nemendur þurfa að hafa náð mjög góðum árangri við lok 9. bekkjar.

Námsmat: Lokapróf 80%, Annareinkunn 20%

Tengd vefslóð: <http://www.fa.is/deildir/Staerdfraedi/stae103/stae103.htm>

Kennslustundafjöldi: 3 kennslustundir á viku.

Stíll og tíska – 10. bekkur val

Í þessum áfanga vinna nemendur að ákveðnu verkefni þar sem þeir hanna og sauma flíkur, finna annan fatnað og fylgihluti og setja saman heildarútlit ásamt því að huga að hári og förðun. Þessu er svo komið á framfæri með ljósmyndum og/eða tískusýningu.

Skoðuð verða tískublöð, vefsíður og stefnt að heimsóknum í hönnunarverslanir og á sýningar auk þess sem unnið verður að skilgreiningu á því hvað stíll og tíska er.

Eingöngu í boði fyrir 10. bekk.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Tölvufræði - val

Námslýsing: Hugmyndin er að valáfanginn búi nemendur undir framhaldsskólanám þ.e. geri nemendur hæfa til að standast kröfur framhaldsskólans varðandi tölvunotkun. Lögð verður áhersla á hugbúnað eins og ritvinnslu og töflureikni þar sem það er mjög mikilvægt að nemendur kunni að setja upp ýmiss konar ritsmíðar. Einnig verður það kynnt fyrir nemendum hvernig hugarkort geta nýst í skólastarfi, t.d. við að taka niður glósur eða byggja upp ritgerðir/ritsmíðar. Farið verður í heimildavinnu/heimildaöflun og mat á heimildum. Fjallað verður um netöryggi, höfundarrétt og hegðun í netheimum t.d. hvað varðar einelti. Ef tími vinnst til verður einnig fjallað um upplýsingalæsi og farið í það hvernig dagatalið í Google Docs getur nýst nemendum við að skipuleggja sig.

Námsmat: Símat yfir veturinn.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Undirstöðuatriði í íslensku, ensku og stærðfræði - 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Hugsunin með þessu tilboði er að nemendur sem hafa áhyggjur af stöðu sinni í íslensku, ensku og/eða stærðfræði fái meiri tíma til að fara í grunnatriði þessara námsgreina.

Í íslensku verður aðaláhersla lögð á grunnatriði í málfræði, setningafræði og stafsetningu, svo og málnotkun og tengsl milli þessara þátta.

Í stærðfræði verður aðaláhersla lögð á að styrkja grunnþekkingaratriði í tanafræði, rúmfræði og algebru og tengsl milli þessara þátta.

Námsmat: Símat yfir veturinn.

Kennslustundafjöldi: 1 kest/v í hverri grein

Upplýsingatækni – grafísk hönnun, umbrot, ljósmyndun o.fl. 9. og 10. bekkur - val

Nemendur taka stafrænar myndir og læra undirstöðuatriði myndvinnslu í forritinu Photoshop. Nemendur læra að setja upp fréttabréf í forritinu publisher. Jafnframt því skrifa þeir greinar úr skólalífínu fyrir heimasíðu/upplýsingaskjá/skólablað skólans. Nemendur læra að leita heimilda á netinu og að fara rétt með heimildir. Nemendur fá auk þess kennslu í ýmsum gagnlegum forritum eins og power-point og excel.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Útivist og hreyfing 9. og 10. bekkur – val

Kennsla fer fram einn laugardag í mánuði í ágúst – október og í febrúar – maí. Í nóvember – janúar verður kennt í skólanum sem samsvarar 2 kest/v.

Ágúst: Hjólað í Árbæjarsundlaug, farið í laugina og hjólað til baka. Ferðin er um 25 km og tekur 3-4 klst.

September: Hjólað út á Álftanes og hringur á nesinu. Farnir verða u.þ.b. 40 km og ferðin tekur 4 -5 klst.

Október:	Gengið á Úlfarsfell
Nóvember:	Innikennsla
Desember:	Innikennsla
Janúar:	Innikennsla
Febrúar:	Gengið á Esjuna. Ferðin tekur u.þ.b. 4 klst.
Mars:	Óákveðið u.þ.b. 4-5 klst.
Apríl:	Óákveðið. t.d. hjólað í Mosfellsbæ og aftur til baka u.þ.b. 50 km en ferðin tekur þá um 5-6 klst.
Mái:	Löng ferð þar sem genginn verður Leggjabrjótur, Hengillinn eða eitthvað annað.

Hjólaferðir

Hjólaferðirnar verða næstum eingöngu á hjólastígum. Nemendur kynnast möguleikum á löngum ferðum án þess að þurfa að fara út í umferðina.

Gönguferðir.

Leitast verður við að kenna nemendum að njóta þess að vera úti í náttúrunni og reyna á sig. Auk þess verður nemendum kennt að undirbúa sig undir slíkar ferðir.

Innikennsla

Í innikennslunni munum við t.d. fá fólk frá Útivist til að kenna nemendum um útbúnað í gönguferðir auk þess sem farið verður í hvernig búnaður á hjóli skal vera og hvaða klæðnaður er hentugastur í hjólaferðir.

Kennslustundafjöldi samsvarar 2 kest/v

Yoga og slökun 9. og 10. bekkur - val

Yoga og slökun stuðlar að innra jafnvægi sálar og líkama og skapa nýjar forsendur fyrir góðri virkni. Mælt er með yoga og slökun fyrir þá nemendur sem erfitt eiga með einbeitingu.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Þýska 9. og 10. bekkur - val

Námslýsing: Áhersla er lögð á málfræði og er því nauðsynlegt að nemendur hafi gott vald á íslenskri málfræði. Námið miðast við að í lok vetrar geti nemendur sjálfir myndað stuttar, einfaldar setningar, málfræðilega réttar. Orðaforði sem nemendur fá á fyrsta námsári í þýsku er takmarkaður og er sniðinn að ungu fólki.

Skilyrði:

Nemendur sem velja þýsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

Kennslustundafjöldi: 3 kest/v

ÞÝS 103 10. bekkur - val

Námslýsing: Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) auk þess sem skoðaður verður skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemenda. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Skilyrði: Nemendur þurfa að hafa lokið grunnáfangi í þýsku.

Kennslustundafjöldi: 3 kest/v

Nám utan skóla

Nám við tónlistarskóla, íþróttakademíu Gróttu, myndlistarskóla, reiðskóla, skákskóla, ballettskóla eða einhvern annan skóla kann að verða viðurkennt sem valgrein. Þeir skólar sem viðurkenndir eru vinna samkvæmt fyrirframákveðinni námskrá, halda utan um mætingar nemenda og skila mati á námsárangri nemenda að skólaárinu loknu. Sæki nemendur nám á tveimur stöðum utan skólans fá þeir hvort um sig metið sem 2 kest/v

Kennslustundafjöldi: 2- 4 kest/v

VARAÓSKIR

Nemendur verða að setja fram tvær varaóskir um valgreinar sem þeir geta hugsað sér að taka ef skólinn getur ekki orðið við óskum þeirra um valgreinar.